

## Umhverfisvæn eyðing gróðurs í vegköntum

### Ágrip

Rannsóknarverkefnið „umhverfisvæn eyðing gróðurs í vegköntum“ var unnið fyrir styrk úr rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar. Í verkefninu var skoðað hvernig SPUMA sem er varmaaðferð við eyðingu gróðurs virki við íslenskar aðstæður. Ásamt því hvort aðferðin henti starfsemi Vegagerðarinnar. Rannsóknin var unnin í samráði við starfsmenn Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar.

Fyrirtækið NCC í Danmörku hefur þróað SPUMA, sem er vistvæn varnaraðferð við eyðingu gróðurs er Kjarni aðferðarinnar er notkun á 98°C heitu vatni og lífrænni froðu sem er gerð úr maís og kókos. Heita vatnið drepur plöntuna og froðan einangrar hitann þannig að hann virkar lengur á plöntuna. Við rannsóknina voru valin sex svæði víðsvegar á höfuðborgarsvæðinu þar sem SPUMA aðferðinni var beitt og árangur hennar metin 3, 13 og 32 dögum eftir meðferð.

Rannsóknin leiddi í ljós að SPUMA virkar ágætlega við Íslenskar aðstæður. Hins vegar er aðferðin nokkuð seinleg og nær síður að þekja jafn stór svæði og aðrar aðferðir sem Vegagerðin hefur notað hingað til.

Þegar litið er til tegunda þá virðist aðferðin virkar vel á skógarkerfil, en þar sem hátt og þétt gras var fyrir reyndist SPUMA ekki virka jafn vel. Mögulega vegna þess að varminn hefur ekki náði niður til róta og því aðeins virkað á yfirborð grassins. Við slíkar aðstæður hefði verið skilvirkara að fjarlægja efsta hluta grassins áður en SPUMA aðferðin er notuð.

Tilgangur verkefnisins var að draga úr notkun hættulegra efna í starfsemi Vegagerðarinnar, sem er samræmi við umhverfisstefnu stofnunarinnar um að draga úr mengun frá starfseminni. Einnig er það í samræmi við markmið stjórnvalda um umhverfi án hættulegra efna. Megin niðurstöður rannsóknarinnar sýna að SPUMA virkar ágætlega á Íslandi en þó ber að horfa til þess að aðferðin er seinleg. SPUMA er góð viðbót við aðferðir Vegagerðarinnar við eyðingu gróðurs og væri tilvalin á áningastaði, hringtorg eða hellulagðar eyjar og stíga.

### Nánari upplýsingar veitir:

Kristín Þrastardóttir umhverfisverkfræðingur hjá VSÓ Ráðgjöf  
Sími 585-9137  
Netfang: kristin@vso.is